

ir hann bæði uppskriftir og rit; merkast: Prestatal nyrðra, Almanak með minnisgreinum, ritgerð gegn Rask um tímatal Gyðinga, ævisaga Hálfdanar rektors Einarssonar, ýmiskonar sögulegur tíningur um skáld og fræðimenn fyrri alda, tímatal, þýðing á hinni latnesku doktorsritgerð Magnúsar Stephensens („Rannsak Íslands núgildandi laga“ o. s. frv.); ritgerð um „Rationalisterne“ er líkl. uppskrift hans á ritgerð eftir danskan guðfræðing. Kona 1 (24. júní 1794): Sesselja (d. 11. júní 1821, á 68. ári) Stefánsdóttir prests að Laufási, Halldórssonar. Dóttir heirra: Þorbjörg átti síra Benedikt Vigfússon að Hólum. Kona 2 (21. okt. 1822): Steinunn (d. 25. júlí 1843, á 49. ári) Þorsteinsdóttir stúdents í Húsey, Jónssonar; pau bl. (DN.; Vitæ ord.; HP.; SGrBf.).

**Jón Kráksson** (um 1533—3. mars 1622). Prestur. Foreldrar: Krákur Hallvarðsson á Auðunarstöðum og kona hans Helga Jónsdóttir lögmanns, Sigmundssonar. Hann kemur fyrst við skjöl 12. mars 1566 og er þá orðinn prestur nyrðra. Hann er 25. ág. 1558 orðinn heimilisprestur Eggerts lögmanns Hannessonar í Bæ á Rauðsand, fekk Garða á Álptanesi 1566 og hélt til 1617. Kona: Jarþrúður (d. 1606, legsteinn í Mosfellskirkjugarði í Mosfells sveit) Þórólfssdóttir á Suður-

reykjum, Eyjólfssonar á Hjalla. Börn heirra: Síra Ólafur í Görðum á Álptanesi, Sturla (í Laugarnesi?), Margrét átti Gísla lögmann Hákronarson (HP.; SGrBf.).

**Jón Kristjánsson** (17. maí 1812 (1811, Vita) — 14. apríl 1887). Prestur. Foreldrar: Kristján dbrm. og umboðsmaður Jónsson á Illugastöðum og kona hans Guðrún Halldórsdóttir að Reykjum í Fnjóskadal, Jónssonar. F. á Þórðarstöðum. Lærði fyrst 3 veturn hjá síra Jóni Jónssyni að Möðrufelli, tekinn í efra bekk Bessastaðaskóla 1829, stúdent 1833, með heldur góðum vitnisburöni. Var síðan með foreldrum sínum. Vígðist 17. júlí 1836 aðstoðarprestur síra Eiríks Þorleifssonar á Stað í Kinn, fekk prestakallið eftir hann 20. nóv. 1843, bjó þar jafnan að Yzta Felli, fekk Þingeyraklaustursprestakall 11. ág. 1862, bjó í Steinnesi, fekk Breiðabólstað í Vesturhópi 6. jan. 1868, fekk þar lausn frá prestskap frá fardögum 1883, fluttist þá að Þverá í Vesturhópi og andaðist þar. Var vel metinn maður. Alþpm. S.-Þing. 1853—7. Kona (16. júlí 1839): Guðný (f. 9. nóv. 1820, d. 19. apr. 1892) Sigurðardóttir á Grímsstöðum við Mývatn, Jónssonar. Börn heirra: Valgerður átti Geir Finn söðlasmið og verzlunarstjóra Gunnarsson son í Raufarhöfn, Kristín María Jónína átti Ólaf söðlasmið Ó-

lafsson á Sveinsstöðum (þau fóru til Vesturheims), Kristján í Viðidalstungu, Björn að Syðri Þverá í Vesturhópi, Ingibjörg s. k. Jóhanns Einarssonar á Viðivöllum í Fnjóskadal, Guðrún. Launsonur síra Jóns (með vinnukonu sinni, Önnu Jónsdóttur): Guðjón lengi að Yzta Felli, og gekkst síra Jón við honum, er hann létt af prestskap 1883 (Bessastsk.; Vitæ ord. 1836; Alþingism.tal; Blanda III; SGrBf.).

**Jón Kristjánsson** (14. júní 1881—17. apríl 1937). Læknir. Foreldrar: Kristján í Viðidalstungu Jónsson (prests á Breiðabólstað í Vesturhópi, Kristjánssonar) og kona hans Gróa Ólafsdóttir alþpm. og dbrm. Jónssonar á Sveinsstöðum. Tekinn í 2. bekk Reykjavíkurskóla 1899, stúdent 1904, með 2. einkunn (65 st.), próf úr læknadeild háskóla Íslands 24. júní 1914, með 2. einkunn betri (101½ st.), en hafði veturnn 1907—8 verið í Kh. og tekið þar próf í nuddlækningum og sjúklingaleikfimi, með 1. einkunn. Var í spítolum í Kh. 1914—15, aftur þar og í Vínarborg 1921 og 1924. Stundaði nuddlækningar í Rv. Kona (10. maí 1913): Emilia (f. 12. okt. 1887) Sig hvatsdóttir bankastj., Bjarnasonar. Börn heirra: Sighvatur bifr.stj. Kristján loftskeytam., Ólafur viðtækjavirki, Ágúst stúdent, Þorbjörg átti Sigurð Ólafsson lyfjafræðing (Skýrslur; Lækn.; o. fl.).

**Jón Kærnested** (um 1798—25. júní 1836). Jarðyrkjumaður. Foreldrar: Þorlákur Hallgrímsson að Skriðu í Hörgárdal og s. k. hans Margrét Björnsdóttir í Litla Dal (Guðmundssonar). Var um tíma í Danmörku og nam þar jarðrækt, sund og rennismið. Var um hríð í Eyjafirði við garðrækt, hélt Möðruvallaklaustur líttin tíma, kennið ýmsum sund. Fluttist vestur undir Jökul og

**Jón Kristjánsson** (22. apríl 1885—9. nóv. 1918). Prófessor. Foreldrar: Kristján dómstjóri Jónsson og kona hans Anna Þórarinsdóttir prests í Görðum á Álptanesi, Böðvarssonar. Tekinn í Reykjavíkurskóla 1898, stúdent 1904, með 1. einkunn (102 st.), tók próf í lögfræði í háskólanum í Kh. 7. júní 1909, með 1. einkunn (186 st.). Varð aukakennari í lagaskólanum 29. sept. 1909, prófessor í háskólanum 1911 og var það til ævi-loka. Var áhugamaður; setti upp nýbýli við Rv., kom af stað mjólkurfélagi Rv. og var formaður þess. Ritstörf: Íslenzkur sjóréttur, Rv. 1910 (aftur Rv. 1915); Íslenzkur kröfuréttur, Rv. 1913—15; Íslenzkur verzluunarréttur, Rv. 1916. Kona (13. júlí 1913): Þórdís Toddá (d. 12. nóv. 1918) Benediktsdóttir kaupm. í Rv., Þórarinssonar. Börn heirra: Kristján Benedikt Gauti cand. phil., blaðamaður í Rv., Sólrún Anna átti Ólaf húsgagnasmið Guðbjartsson í Rv. (KLJ. Lögfr.; o. fl.).

**Jón Kærnested** (um 1798—25. júní 1836). Jarðyrkjumaður. Foreldrar: Þorlákur Hallgrímsson að Skriðu í Hörgárdal og s. k. hans Margrét Björnsdóttir í Litla Dal (Guðmundssonar). Var um tíma í Danmörku og nam þar jarðrækt, sund og rennismið. Var um hríð í Eyjafirði við garðrækt, hélt Möðruvallaklaustur líttin tíma, kennið ýmsum sund. Fluttist vestur undir Jökul og